



Fæðing barns

Það er alltaf gleðiefni þegar nýr einstaklingur verður til. Þegar barn af gyðingaættum er nokkra vikna gamalt er kominn tími til að taka það inn í söfnuðinn. Þá er algengt að stórfjölskyldan og vinir komi saman og gefi því nafn um leið.

Börn gyðinga fá bæði nafn sem er viðeigandi í því landi sem þau búa en einnig hebreskt nafn sem notað er í sýnagógunni og á trúarlegum skjölum. Um leið og drengir eru teknir inn í söfnuðinn og gefið nafn eru þeir einnig umskornir.



Hebreska er hið forna tungumál gyðinga og er notað við allar trúarlegar athafnir.

Þegar drengur er **umskorinn** er skorið framan af húð typpisins.

Spurningar

1. Hverskonar nöfn er gyðingabörnum gefin?
2. Hvað er umskurn?
3. Hvenær eru gyðingadrengir umskornir?